

Fimmtudaginn 19. september 1996.

Nr. 199/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Sigurði Hólm Sigurðssyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Áfrýjun. Fjársvik. Þjófnaður. Umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. apríl 1996. Í stefnunni kemur fram, að málinu sé áfrýjað af hálfu ákærða, en jafnframt af ákærvaldsins hálfu til staðfestingar á sakfellingu og greiðslu skaðabóta, en til þyngingar á refsingu. Kröfur ákærvaldsins eru nú þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins.

Ákærði krefst sýknu af I. og III. lið ákæru og að sér verði dæmd vægasta refsing, er lög leyfi, og auk þess verði bótakröfum vísað frá dómi.

I.

Ákærði var viðstaddur uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms 28. mars 1996 auk verjanda síns og fulltrúa ákærvalds. Hinn 24. apríl 1996 barst ríkissaksóknara bréf verjanda ákærða frá 23. sama mánaðar, og segir þar, að ákærði hafi falið honum að tilkynna ákvörðun sína um áfrýjun. Síðan segir það eitt, að málinu sé áfrýjað í heild sinni, sbr. 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Með bréfi til verjanda 26. apríl 1996 tilkynnti ríkissaksóknari honum, að ekki væri unnt að taka tilkynningu þessa sem fullgilda yfirlýsingu um áfrýjun. Enga skilgreiningu væri þar að finna, í hvaða skyni væri áfrýjað, svo sem áskilið sé í 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991. Þá sé um að ræða þrjá ákæruliði, og hefði skilgreining á tilgangi áfrýjunar þurft að taka sérstaklega til hvers þeirra um sig, ef áfrýjunin takmarkaðist ekki við endurskoðun refsiakvörðunar. Verjandi sendi ríkissaksóknara af því tilefni bréf 26. apríl 1996, og eru skýringar

þar gefnar á tilgangi áfrýjunar og hvaða kröfur muni gerðar í mál-inu.

Í 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, svo sem henni var breytt með 11. gr. laga nr. 37/1994, er sú óundanþæga regla, að ákærði verði að lýsa yfir áfrýjun héraðsdóms innan áfrýjunarfrests í bréflægri tilkynningu til ríkissaksóknara. Skal þar greina nákvæmlega, í hverju skyni sé áfrýjað, þar á meðal varðandi kröfur samkvæmt XX. kafla laganna, ef því er að skipta. Verulega skorti á, að tilkynning verjanda ákærða 23. apríl 1996 um áfrýjun héraðsdóms væri í þessu lögskipaða formi. Er úr því var bætt nokkrum dögum síðar, var fjögurra vikna frestur til áfrýjunar liðinn. Voru því ekki skilyrði til áfrýjunar af hálfu ákærða. Með því að héraðsdómi er samkvæmt áfrýjunarstefnu einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds, leiðir umræddur annmarki á áfrýjun ákærða hins vegar ekki til frávísunar málsins frá Hæstarétti.

II.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms og að teknu tilliti til ákvæða 8. tl. 1. mgr. 70. gr., 71. gr., 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður hann staðfestur. Ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. mars 1996.

Ár 1996, fimmtudaginn 28. mars, er kveðinn upp svohljóðandi dómur í sakamálinu nr. 235/1996: Ákæruvaldið gegn Sigurði Hólmi Sigurðssyni, í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari fer með mál þetta, sem ríkissaksóknari höfðaði 20. febrúar sl. með ákæru, birtri 8. þ. m., á hendur Sigurði Hólmi Sigurðssyni, Yrsufelli 15, Reykjavík, fæddum 1. maí 1963, fæðingarnúmer 283, fyrir eftirtalin brot, framin árið 1995:

I.

Fjársvik.

Mánudaginn 16. október hringt í útibú Íslandsbanka hf., Strandgötu 1, Hafnarfirði, kynnt sig sem Guðmund í Fjölsporti og fengið millifærðar 75.000 kr. af tékkareikningi Fjölsports sf., nr. 51050, í útibúinu yfir á spari-sjóðsreikning ákærða nr. 575 í Landsbanka Íslands, Eyrarbakka, en ákærði var vistmaður á Litla-Hrauni og fékk starfsmenn þar til að sækja fyrir sig í bankann 10.000 kr. sama dag og afganginn tveimur dögum síðar.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Umferðarlagabrot.

Aðfaranótt fimmtudagsins 2. nóvember ekið bifreiðinni Z-3350, Lada Samara, árgerð 1987, sviptur ökurétti ævilangt, frá Reykjavík austur á Hellu með viðkomu í Hveragerði og til baka í Þorlákshöfn, aka þar svo óvarlega aftur á bak, að bifreiðin lenti á grindverki, er ákærði var að snúa henni við á götu og hugðist aka út úr þorpinu.

Telst þetta varða við 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

III.

Þjófnaður.

Fimmtudaginn 16. nóvember farið inn á skrifstofu að Brautarholti 8 í Reykjavík og stolið þar úr handtösku filofaxi, sem í var Eurocard-kreditkort, bankadebetkort, tékkhefti, ökuskírteini og ýmis önnur skilríki.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Eftirtaldir aðilar krefjast skaðabóta úr hendi ákærða:

1. Íslandsbanki hf., Strandgötu 1, Hafnarfirði, 75.000 króna með vöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 16. október 1995 til greiðsludags.
2. Ragnheiður Tryggvadóttir, kt. 031158-4359, Skerplugötu 9, Reykjavík, 900 króna. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði gengst við sakargiftum í ákærulið II, en ekki í ákærulið I og III. Hann samþykkir ekki bótakröfur. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 129. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Það var dómtekið 26. þ. m. að loknum aðalflutningi.

Játning ákærða samrýmist rannsóknargögnum. Brot hans í II. ákærulið er rétt heimfært til refsíákvæðis og telst fullsannað.

Ákærði, starfsmaður Landsbankans, fjórir lögreglumenn og félagi ákærða hafa gefið skýrslu fyrir dóminum.

Hinn 23. október 1995 barst rannsóknarlögreglunni kærubréf Íslandsbanka hf., þar sem greinir, að ákærði hafi 16. s. m. hringt í Hafnarfjarðarútibú bankans, kynnt sig sem Guðmund í Fjölsporti og óskað eftir því, að 75.000 krónur yrðu millifærðar af tékkareikningi Fjölsports hf. yfir á sparisjóðsreikning ákærða í útibúi Landsbankans á Eyrarbakka, en ákærði var þá afplánunarfangi á Litla-Hrauni. Samkvæmt upplýsingum frá Fjölsporti sf. komst ákærði í skuld við fyrirtækið í nóvember 1994, og hafði fyrirtækið sent honum gíróseðil, þar sem fram kom reikningsnúmer þess í útibúinu í Hafnarfirði. Að beiðni ákærða tók fangavörður út 10.000 krónur af reikningnum 16. október sl., og annar starfsmaður tók út 65.000 krónur fyrir ákærða 18. s. m. Ákærði varð laus úr fangelsi 19. október sl. og fékk þá afhenta peningana. Ákærði gekkst við broti sínu fyrir lögreglu 2. nóvember sl. Peningunum kvaðst hann hafa eytt til eigin þarfa. Hann hafnaði bótakröfu.

Starfsstúlka Landsbankans segir, að hringt hafi verið í útibúið í Hafnarfirði og sá, sem hringdi, hafi tilkynnt, að hann hringdi á vegum Fjölsports sf. Hún segist hafa beðið um leylinúmer, en sá, sem talaði, sagðist ekki vita það. Hún spurði um prókúru, og sagðist sá, sem talaði, vera Guðmundur, sem hefði prókúru. Síðan bað hann um millifærslu, sem vitnið féllst á, þar sem hún áleit, að hún talaði við Guðmund.

Ákærði kannast nú við að hafa átt viðskipti við Fjölsport árið 1993 eða 1994, en telur sig hafa gert þau viðskipti upp og segist ekki minnst þess að hafa fengið gíróseðil frá fyrirtækinu. Hins vegar kannast hann við að hafa fengið tilkynningu, sem hann minnir, að hafi verið í formi póströfu. Hann kannast hvorki við, að í þeirri tilkynningu hafi verið upplýsingar um banka-reikning fyrirtækisins né að hann hafi hringt í útibú Íslandsbanka í Hafnarfirði og beðið um yfirfærslu á peningum á sinn eigin reikning. Hins vegar kannast hann við að hafa beðið fangaverði að sækja peninga fyrir sig og tekur fram í því sambandi, að hann hafi fengið yfirlit frá bankanum, sem sýndi stöðuna. Hann var nýbúinn að selja hljómfletningstæki sín og átti von á, að andvirði þeirra yrði lagt inn á reikninginn. Hann stóð í þeirri trú, að fjárhæðin, sem komin var inn á reikninginn, væri vegna þess. Aðspurður kveðst hann ekki hafa aðra skýringu á því, hvers vegna starfsmaður Íslandsbanka í Hafnarfirði millifærði fé af reikningi Fjölsports á reikning hans, en að um mistök starfsmannsins hafi verið að ræða. Hann kveður rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu, en segist hafa játað til að komast hjá síbrotagæslu.

Rannsóknarlögreglumaðurinn, sem yfirheyrði ákærða, segist ekki hafa hótad ákærða gæsluvarðhaldi, enda hafi ekki komið til álita að halda hon-

um í frekari gæslu. Rannsóknarlögreglumaður, sem var vottur að því, þegar skýrslan var lesin yfir ákærða, kveðst sérstaklega hafa spurt ákærða, hvort skýrsla hans væri rétt, og hann svarað því játandi. Lögreglumaðurinn kveður sér ekki kunnugt um nein atvik, sem gætu skýrt, að ákærði hefði játað á sig rangar sakir. Hann segist ekki kannast við, að lögreglumenn beiti sakaða hótunum, og kveðst ekki hafa orðið vitni að slíku.

Hinn 16. nóvember sl. tilkynnti útibússtjóri Íslandsbanka við Hlemm lögreglunni, að maður væri að reyna að skipta fölsuðum tékka þar. Lögreglan handtók mann að nafni Kristján Sveinbjörnsson í bankanum, en hann kvað ákærða hafa beðið sig að skipta tékkanum og vísaði á hann á krá, er nefnist Keisarinn, við Hlemm. Var ákærði handtekinn þar ásamt félaga, sem sagði, að Sigurður hefði reynt að fela „filófax“ í sófa og að hann hefði stolið tékkheftinu. Upplýst hefur verið, að filófax sé peningaveski með dagbók. Lögreglan fékk veskið, sem hafði fundist í sófanum, og hafði samband við eiganda þýfisins, Ragnheiði Tryggvadóttur, sem upplýsti, að stolið hefði verið frá sér veski með tékkhefti, debetkorti og kreditkorti, ökuskírteini og tékka, að fjárhæð 25.000 kr., frá Brautarholti 8 um kl. 14.30. Þýfinu var skilað eigandanum 17. nóvember sl., og sagðist hún þá sakna kreditkortsins. Endurnýjunarkostnaður þess er 900 krónur. Einnig vantaði eyðublað í tékkheftið. Ákærði játaði fyrir lögreglu 17. nóvember og féllst á bótakröfu, sagðist hafa skrifað 25.000 króna tékka og fengið Kristján til að fara með hann í banka.

Ákærði segir, að hann hafi verið á Keisaranum og séð þar peningaveski, sem féll á gólfíð. Hann opnaði það og sá þar m. a. ávísanahefti. Segir hann, að maður, sem hann þekkir ekki, hálfgerður „róni“, hafi tekið tékka úr veskinu, skrifað hann út og farið með hann í banka til að selja hann. Skömmu síðar fylltist staðurinn af lögreglumönnum, og Svavar Dalmann benti á ákærða, sem var handtekinn. Hann kannast ekki við að hafa stolið veskinu.

Félagi ákærða, Svavar Dalmann Hjaltason, segist ekki muna eftir atvikum. Fyrir honum var lesið það, sem eftir honum er haft í frumskýrslu lögreglu. Sagðist hann þá muna eftir, að ákærði hefði komið inn á Keisarann og sest hjá sér, en farið síðan að öðru borði. Hann segist ekki kannast við að hafa vitað, að ákærði hefði stolið tékkhefti, eða man ekki til þess. Ekki kveðst hann minnast þess, að ákærði hafi beðið sig að skipta tékka, og ekki hafa heyrt ákærða biðja Kristján um það. Fyrir honum var lesið það, sem haft er eftir honum í skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu 16. nóvember sl. Sagði hann þá, að ákærði hefði komið inn á Keisarann með ávísun, sem vitnið hélt vera í lagi, en kvaðst ekki hafa tekið að sér að skipta henni, þar

sem hann var skilríkjalaus. Hann segist ekki muna, hver fór í bankann; hann hafi ekki viljað það. Hann kveður mega vera, að sér hafi verið sýndur tékki, sem hann kannaðist við, að Sigurður hefði skrifað fyrir framan sig og fengið Kristjáni. Um þetta vill hann ekki fullyrða. Að gefnu tilefni frá verjanda kveðst vitnið halda, að hann hafi ekki séð veskið.

Borin var undir ákærða skýrsla hans fyrir rannsóknarlögreglu 17. nóvember sl. Segir hann rétt eftir sér haft og kannast við undirritun sína. Kveðst hann hafa játað til að komast hjá síbrotagæslu.

Lögreglumaðurinn, sem yfirheyrði ákærða, segir alrangt, að hann hafi hótad honum gæsluvarðhaldi, í reynd hafi það ekkert komið til álit. Lögreglumaður, sem var viðstaddur, þegar skýrslan var lesin yfir ákærða og undirrituð, segist hvorki hafa heyrt ákærða hótad né hótad honum sjálfur.

Fráhrarf ákærða frá viðurkenningu er ótrúverðugt. Ekki verður þvertekið fyrir, að ákærði hafi játað af ótta við frelsissviptingu, en sá ótti var ekki raunhæfur, og eru ekki efni til að trúa, að ákærða hafi verið hótad. Þá er ekki ástæða til að ætla, að ákærði hafi játað á sig brot, sem hann hafði ekki framið. Framburður bankastarfsmannsins samrýmist skýrslu ákærða fyrir lögreglu og öðrum rannsóknargögnum. Ekki hefur komið fram önnur sennileg skýring á því, hvernig á því stóð, að féð var lagt á reikning ákærða, en sú, að hann hafi komið því til leiðar með svikum.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem tekin var af Svavari Dalmanni, kom ákærði inn á Keisarann með veskið, sýndi honum bankakortin og tékkheftið, bað hann að skipta tékka fyrir sig gegn þóknun og síðan Kristján um hið sama. Þegar Svavar Dalmann kom fyrir dóminn, var augljóst, að honum stóð beygur af ákærða, og kann það að skýra, hversu tregur hann var til að vitna gegn honum. Verður að telja það miklu trúlegra, sem hann sagði lögreglu, enda hefur það stoð í framburði Kristjáns. Þykir þannig sannað, að ákærði hafi verið með veskið í sínum vörslum, þegar hann kom inn á krána, og með viðurkenningu ákærða fyrir lögreglu, sem hefur stoð í öðrum rannsóknargögnum, þykir sannað, að ákærði hafi stolið veskinu með því, sem það hafði að geyma. Þannig telst fullsannað, að ákærði hafi aðhafst það, sem hann er sakaður um. Brot ákærða teljast rétt heimfærð til refsíákvæða.

Samkvæmt álitserð geðlæknis kemur til greina, að ákærði sé haldinn persónuleikatrufun, sem birtist í gallaðri félags hæfni eða andfélagslegum háttum, drykkjusýki og lyfjafíkn. Hann átti erfiða æsku, var tekinn frá móður sinni fimm ára gamall vegna illrar meðferðar og komið fyrir á barnaheimili. Þar dvaldist hann til ársins 1974, en fluttist þá aftur heim til móður sinnar. Ákærði segir sjálfur, að hann hafi flust til móður sinnar árið 1979, en samkvæmt sakavottorði hófst sakaferill ákærða það ár. Hann hefur sætt

refsingum fyrir dómi þrjátíu og fjórum sinnum, þar af fjórum sinnum fyrir þjófnað, nauðgun, nytjastuld og umferðarlagabrot fyrir 18 ára aldur. Tvisvar hefur hann gengist undir sektargreiðslu fyrir fíkniefnabrot. Sex sinnum hefur hann sætt refsingu fyrir áfengislagabrot, fimmtán sinnum fyrir umferðarlagabrot og sextán sinnum fyrir hegningarlagabrot, þar af einu sinni fyrir nauðgun, fjórum sinnum fyrir líkamsárás (217. og 218. gr. hgl.), tvisvar fyrir rán og einu sinni fyrir húsbrot. Hann hefur samtals verið dæmdur til að sæta frelsissviptingu, án þess að fullnustu væri frestað skilorðsbundið, í 136½ mánuð. Hinn 9. september 1994 hlaut ákærði tveggja ára fangelsi fyrir þjófnað hér fyrir dómi, en refsing var færð í fimmtán mánaða fangelsi með dómi Hæstaréttar 27. október s. á. Hinn 3. maí sl. var ákærði dæmdur í fimm mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir hótun við opinberan starfsmann. Dómurinn var staðfestur í Hæstarétti 19. október sl. Loks hlaut ákærði fjögurra mánaða fangelsi fyrir sviptingarakstur 18. janúar sl. Dómur í þessu máli er hegningarauki við þann dóm.

Ákærði hefur þrætt fyrir brot sín fyrir dómnum, og þrátt fyrir játningu fyrir lögreglu hefur hann ekkert gert til að bæta fyrir brot sín. Ekki verður þess vart, að ákærði hafi áform um að bæta ráð sitt. Þegar þess er gætt, að ákærði framdi brot sín í fangelsi og skömmu eftir að hann losnaði úr afplánun, og þess, sem að framan er rakið um feril ákærða og andlega heilbrigði, þykir refsing hæfilega ákveðin eins og greinir í dómsorði. Þá þykir bera að dæma hann til að greiða sakarkostnað. Þar sem ákærði hefur valdið kærendum tjóni með refsiverðum brotum, þykir bera að fallast á kröfur þeirra, sem þykja vera í samræmi við tjónið, og ber honum þá að bæta það, eins og greinir nánar í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigurður Hólm Sigurðsson, sæti 15 mánaða fangelsi. Þá greiði hann allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigmundar Hannessonar hrl., 45.000 kr., og saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 kr., Íslandsbanka hf. 75.000 kr. með vöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 16. október 1995 til greiðsludags og Ragnheiði Tryggvadóttur 900 kr.